

**Fjölbrautaskólinn Ármúla**  
**02 351**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstremisýfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Fjölbautaskólinn Ármúla**  
**kt. 590182-0959**  
**Ármúla 12, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskólinn Ármúla er skóli á framhaldsskólastigi og hefur verið rekinn sem slíkur undir eigin nafni frá árinu 1981. Á þeim árum sem skólinn hefur starfað sem sjálfstæður fjölbrautaskóli hafa átt sér stað ýmsar breytingar eins og gengur og gerist. Áður en skólinn fékk leyfi til að brautskrá nemendur í eigin nafni var hann í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og markaðist námsframboð hans í fyrstu af þeim greinum sem þar voru kenndar og þá helst þeim sem ekki þurftu mikla verklega eða plássfreka aðstöðu. Þannig voru í byrjun eingöngu kenndar bóklegar greinar til stúdentsprófs. Enn í dag leggur skólinn áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs en er auk þess móðurskóli starfsnáms á heilbrigðissviði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.570,2 milljónir og afkoma kr. 41,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 84,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 184,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskólans Ármúla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskólans Ármúla fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Magnús Ingvason,  
skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.408.575.712	1.239.592.203
Seld þjónusta .....	3	123.116.131	121.259.903
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	28.809.421	22.911.509
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	9.717.054	9.626.966
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.570.218.318</u>	<u>1.393.390.581</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.186.222.147	1.156.201.287
Annar rekstrarkostnaður .....	6	333.302.760	193.174.477
Afskriftir .....	7	9.717.054	9.626.966
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.529.241.961</u>	<u>1.359.002.730</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		40.976.357	34.387.851
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(23.057)	(19.504)
		<u>(23.057)</u>	<u>(19.504)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>40.953.300</u></u>	<u><u>34.368.347</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		35.439.662	33.245.381
Aðrar eignir .....		1.537.871	1.657.628
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>36.977.533</u>	<u>34.903.009</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		2.032.487	578.600
Tengdir aðilar .....	9	109.941.560	71.134.503
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	5.964.472	6.276.461
Handbært fé .....	11	29.134.279	28.714.852
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>147.072.798</u>	<u>106.704.416</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>184.050.331</u>	<u>141.607.425</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		84.405.696	43.452.396
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>84.405.696</u>	<u>43.452.396</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.988.799	2.884.150
Viðskiptaskuldir .....		10.755.482	11.938.264
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	55.967.097	52.882.304
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	30.933.257	30.450.311
<b>Skuldir samtals</b>		<u>99.644.635</u>	<u>98.155.029</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>184.050.331</u>	<u>141.607.425</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		40.953.300	34.368.347
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	9.717.054	9.626.966
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(9.717.054)	(9.626.966)
		<u>40.953.300</u>	<u>34.368.347</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.141.898)	(2.616.019)
Tengdir aðilar .....		(39.702.408)	(26.844.918)
Skammtímaskuldir .....		1.902.011	8.246.203
		<u>(38.942.295)</u>	<u>(21.214.734)</u>
		<u>2.011.005</u>	<u>13.153.613</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(11.791.578)	(13.736.013)
		<u>(11.791.578)</u>	<u>(13.736.013)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		10.200.000	9.000.000
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		0	283.315
		<u>10.200.000</u>	<u>9.283.315</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		419.427	8.700.915
		<u>28.714.852</u>	<u>20.013.937</u>
		<u>29.134.279</u>	<u>28.714.852</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.408.575.712	1.248.592.203
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(9.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.408.575.712	1.239.592.203
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	9.717.054	9.626.966
	<b>1.418.292.766</b>	<b>1.249.219.169</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.402.500.000	0	0	1.402.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	6.075.712	0	0	6.075.712
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.408.575.712</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.408.575.712</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .	(1.367.622.412)	0	0	(1.367.622.412)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>40.953.300</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>40.953.300</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	1.330.827	843.689
Sala á vöru og þjónustu .....	28.980.000	28.974.500
Vörsala II .....	1.612.500	7.378.500
Verksala .....	263.000	288.500
Ýmsar þjónustutekjur .....	90.866.804	83.747.714
Fræðslustarfsemi og fundir .....	63.000	27.000
	<b>123.116.131</b>	<b>121.259.903</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	2.044.500	2.731.500
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	11.511.477	11.587.166
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	11.760.944	5.182.666
Ýmsar tekjur .....	3.492.500	3.410.177
	<b>28.809.421</b>	<b>22.911.509</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	964.880.378	926.682.083
Orlof, breyting .....	(2.844.771)	11.422.954
Launatengd gjöld .....	222.149.640	216.887.813
Starfsmannakostnaður .....	2.036.900	1.208.437
	<b>1.186.222.147</b>	<b>1.156.201.287</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	95	94

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.423.726	2.001.803
Byggingarvörur, almennar ....	135.185	177.888
Tæki og búnaður til innréttinga ....	192.657	39.459
Ýmis tæki og áhöld ....	3.756.341	2.864.803
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	242.959	88.076
Orkugjafir ....	11.608.680	11.277.826
Matvæli ....	5.389.482	5.179.511
Almennar rekstrarvörur ....	3.173.718	3.425.321
Vörukaup, almenn	26.922.748	25.054.687
Kennslu- og föndurvörur ....	2.808.001	2.699.694
Ýmsar sérgreindar vörur ....	146.646	120.016
Vörukaup, sérgreind	2.954.647	2.819.710
Fundir, námskeið, risna ....	1.590.871	890.039
Ferðir, uppihald ....	10.478.404	6.683.069
Akstur ....	1.620.080	1.719.705
Sérfræðiþjónusta ....	24.826.966	25.224.331
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	1.020.445	976.008
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.957.565	1.531.900
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	3.206.342	3.566.256
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	44.700.673	40.591.308
Afnotagjöld ....	6.095.490	6.583.552
Leigugjöld ....	221.208.978	88.554.541
Notkun véla og flutningatækja ....	1.273.724	630.228
Verkkaup ....	28.971.877	27.350.441
Kostnaðarhlutdeild ....	991.823	969.610
Opinber gjöld ....	112.800	110.400
Tilfærslur ....	70.000	510.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	258.724.692	124.708.772
Annar rekstrarkostnaður samtals	333.302.760	193.174.477
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	9.597.297	9.419.310
Aðrar eignir ....	119.757	194.886
Sölutap og úreltar eignir ....	0	12.770
	9.717.054	9.626.966

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	35.439.662	33.245.381
Aðrar eignir .....	1.537.871	1.657.628
	<u>36.977.533</u>	<u>34.903.009</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	78.090.982	3.972.744	82.063.726
Viðbætur á árinu .....	11.791.578	0	11.791.578
	<u>89.882.560</u>	<u>3.972.744</u>	<u>93.855.304</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	44.845.601	2.315.116	47.160.717
Afskrift ársins .....	9.597.297	119.757	9.717.054
	<u>54.442.898</u>	<u>2.434.873</u>	<u>56.877.771</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>35.439.662</u>	<u>1.537.871</u>	<u>36.977.533</u>
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	109.941.560	27.828.452
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	127.000
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	43.179.051
	<u>109.941.560</u>	<u>71.134.503</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.988.799	2.884.150
	<u>1.988.799</u>	<u>2.884.150</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	20.000	281.709
Skattar .....	5.944.472	5.994.752
	<u>5.964.472</u>	<u>6.276.461</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	23.660	109.300
Tékkareikningar .....	26.643.973	23.212.745
Sparisjóðsreikningar .....	2.466.646	5.392.807
	<u>29.134.279</u>	<u>28.714.852</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 4,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	43.452.396	9.084.049
Afkoma ársins .....	40.953.300	34.368.347
Jöfnuður 31.12. ....	84.405.696	43.452.396

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild stjórnartíðinda.

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	50.037.533	52.882.304
Ógreidd laun .....	5.929.564	0
	55.967.097	52.882.304

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....	36.977.533	34.903.009
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(6.044.276)	(4.452.698)
	30.933.257	30.450.311

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	34.903.009	(4.452.698)	30.450.311
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	10.200.000	10.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	11.791.578	(11.791.578)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(9.717.054)	0	(9.717.054)
	36.977.533	(6.044.276)	30.933.257

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 8,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði með uppsagnarákvæði í apríl á hverju ári, ótímabundin þjónustusamning um rekstur og um vörslu hugbúnaðarkerfa og tímabundna samninga um rekstur ljósritunarvélar og ræstingar. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 226 milljónum og vegna annarra samninga kr. 31 milljón.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanns sem látið hefur af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 0,5 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.